



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir gististað; gistiskála (Kex Hostel) að Skúlagötu 28, F2003446.

Nafn leyfishafa: Kex Hostel ehf.

Heimilisfang: Skúlagata 28, 101 Reykjavíkurborg

Kennitala: 621010-0500

Gildir frá: 4. september 2025

Gildir til: 4. september 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 4. september 2025


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Greinargerð með starfsleyfi fyrir gististað/gistiskála Kex Hostel að Skúlagötu 28.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund gistiskáli Kex Hostel að Skúlagötu 28 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði og jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 30. ágúst 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Kex Hostel ehf. kt. 621010-0500.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar veitingahúss að Austurstræti 3.

Umsókn Kex Hostel ehf., kt. 621010-0500, dags. 8. júlí 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1856. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 4. september 2025, um starfsleyfi fyrir gististað/gistiskáli Kex Hostel að Skúlagötu 28, F2003446. Breyting á húsnæði og starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Reykjavík, 9. september 2025